



Stýrihópur vegna vanlíðunar og sjálfsvíga ungs fólks

Skýrsla um verkefni og störf hópsins

Hópurinn var kallaður saman af Lúðvík Geirssyni fyrrverandi bæjarstjóra, í kjölfar sviplegs fráfalls þriggja ungra drengja úr Hafnarfirði síðastliðinn vetur. Í hópnum eru Eiríkur Þorvarðarson, yfirsálfræðingur á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Geir Bjarnason, forvarnarfulltrúi, Haukur Haraldsson, sálfræðingur Félagsþjónustu Hafnarfjarðar, Guðbjörg Jóhannesdóttir, prestur Hafnarfjarðarkirkju og Ingibjörg Ásgeirsdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur Heilsugæslunni Firði. Eiríkur fór í leyfi og tók Einar Ingi Magnússon við hans störfum.

Hlutverk hópsins er að stuðla að því að forvarnir og viðbrögð við sjálfsvígum verði skilvirkari í Hafnarfirði ásamt því að halda utan um aðgerðir og skrá þær áætlanir sem settar eru í framkvæmd og síðar meir að skrifa skýrslu um verkefnið. Stýrihópurinn hefur hist reglulega og fundað með aðilum hinna ýmissu stofnana sem koma að málefnum ungs fólks. Fundargerðir voru gerðar en þær verða notaðar sem vinnuþlög fyrir þá aðila sem sitja í hópnum.

- Fyrsta verkefni hópsins var að fá til liðs við hópinn Salbjörgu Bjarnadóttur frá Landlæknisembættinu til að vera ráðgefandi fyrir hópinn, ásamt því að leita í reynslubrunna annarra sérfræðinga, sbr. BUGL.
- Haldinn var fundur með tengiliðum allra þeirra sem starfa með ungu fólki í Hafnarfirði þar sem við kynntum nefndina og markmið hennar, ásamt því sem Salbjörg var með stutta fræðslu.
- Salbjörg fór í alla grunnskóla bæjarins og heilsugæslustöðvarnar í Firði og Sólvangi með fræðslu um sjálfsvíg og forvarnir fyrir starfsfólk. Ingibjörg Sveinsdóttir sálfræðingur Heilsugæslunni Firði hélt fyrirlestra fyrir starfsfólk heilsugæslustöðvanna í Firði og á Sólvangi. Sjálfsvíg: áhættumat og árangursrík inngrip
- Foreldrafélögum bæjarins var boðið upp á að fá fræðslu frá starfmönnum Rauða krossins, Elínu Jónasardóttur og Jóhanni Thoroddsen sálfræðingum, um fræðslu um vanlíðan barna, forvarnir og viðbrögð og var gerður góður rómur að því.

- Öllum foreldrum grunnskólanema var sent bréf, Eiríks Þorvarðarsonar í gegnum Mentor varðandi málið og bent á stuðningsnetið sem skólinn býður upp á.
- Unnið var með IBH að samhæfingu viðbragða og að því að útbúa viðbragðsáætlun og var Haukur Haraldsson sálfræðingur félagsþjónustunnar útnefndur tengiliður við Hafnarfjarðarbæ.
- Ingibjörg Ásgeirsdóttir fór á fundi með vinnuhópi stýrðum af framkvæmdastjóra IBH varðandi frumgerð að drögum um vinnuferli varðandi áföll innan íþróttafélaga.
- Á vegum hópsins var bæklingur Það sem sérhver fjölskylda ætti að vita – “Geðheilsa barnsins þíns”, fræðsla um líðan ungmenna og leiðir fyrir þau og aðstandendur, sendur á hvert heimili í Hafnarfirði.
- Öllum samstarfsaðilum í Hafnarfirði var gerð grein fyrir því hvar hægt væri að sækja sér þekkingu og fræðslufni um líðan. Viða þar sem ungt fólk er við störf og leik eru í dag upplýsingarbæklingar, eins og Geðheilsan þín skiptir máli, gerðir aðgengilegir og liggja frami á heilsugæslustöðvum, skólum og félagsmiðstöðvum.
- Einnig voru haldnir fyrirlestrar af meðlimum hópsins fyrir foreldrafélög leikskóla, grunnskóla og í framhaldskólum bæjarins um líðan barna og unglunga.
- Farið var yfir viðbrögð Þjóðkirkjunnar og Fríkirkjunnar þegar áföll verða sem og samstarf kirkju og stofnana, en í Hafnarfirði starfa fimm prestar á vegum Þjóðkirkjunnar auk tveggja presta á vegum Fríkirkjunnar í Hafnarfirði. Allir þessir aðilar sinna útköllum og neyðarþjónustu vegna áfalla við stofnanir og einstaklinga, þiggjendum þjónustunnar að kostnaðarlausu. Um er að ræða áfallstuðning, ráðgjöf og fræðslu við starfsfólk stofnana, stjórnendur, einstaklinga og hópa. Prestarnir eru auk þess með mánaðarlega fundi til samráðs m.a. um samfélagslega þjónustu í Hafnarfirði. Síðasta vetur var svo gerð var tilraun með ókeypis stoðþjónustu á vegum kirkjunnar á sviði geðræktar í lífsleiknikennslu grunnskólans. Markmiðið var að fræða um sorg og áföll sem lífsverkefni til þroska; verkefnið var unnið á forsendum fjölmenningsamfélags skólanna. Farið var í þrjú árganga í tveimur skólum með fræðslu. Reynslan var góð og ánægja var með þessa stoðþjónustu við lífsleiknikennslu grunnskólans. Langtímamarkmið er að geta boðið þrjú mismunandi fræðsluverkefni á sviði geðræktar sem henta hvert fyrir sinn árgang miðstigs grunnskólans. Verkefnið er samvinnuverkefni Þjóðkirkju og Fríkirkju.
- Í samstarfi Lýðheilsustöðvar, Skólaskrifstofu Hafnarfjarðarbæjar og Hafnarfjarðarkirkju var efnt til námskeiðs fyrir grunnskólakennara um námsefnið

Vinir Zippy's, námskeið sem er alþjóðlegt lífsleikninámsefni til eflingar geðheilbrigðis barna á yngsta stigi grunnskólans.

- Nemendaráð Víðistaðaskóla og starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar Hraunsins ákváðu að hrinda af stað verkefni sem kallaðist „Gaman, saman“, vekja athygli á stöðu barna og unglunga og skoða leiðir til að mæta þörfum þeirra. Fengnar voru allar félagsmiðstöðvar og skólar bæjarins til að taka þátt. Verkefnið hafði tvíþættan tilgang:
 - a. að fræða alla sem í skólanum eru, meira en áður, um líðan.
 - b. að safna fjármunum í sjóð til að styðja við verkefni innan skóla og félagsmiðstöðva sem hafa það að markmiði að bæta líðan unglunga. Verkefnið var aðallega unnið þ. 29. apríl og fór fram fjölbreytt fræðsla í skólum bæjarins. Hluti af verkefninu var skemmtun sem fram fór um kvöldið og þar lögðu allir fram vinnu sína endurgjaldslaut og unga fólkið greiddi aðgangseyri. Alls söfnuðust 730 þúsund sem fara í sjóð sem styrkir verkefni félagsmiðstöðva sem bæta eiga líðan og koma í veg fyrir vanlíðan nemenda. Mikil þátttaka og virkni var í kringum verkefnið og kom það mörgum á óvart að flestir voru tilbúnir, með skömmum fyrirvara, að leggja verkefninu lið og breyta starfsemi skólanna til að geta verið með.

Það er mat starfshópsins að margt hafi áunnist á þessum stutta tíma; allt samfélagið í Hafnarfirði hafi tekið virkan þátt í verkefninu og sé betur vakandi gagnvart vanlíðan og verkferlar vegna sjálfsvíga og forvarna séu ljósari en áður.

Starfshópurinn, sem vann að tímabundnu verkefni, lýkur hér með störfum með skýrslu þessari en leggur til eftirfarandi:

1. Á erfiðleikatímabilum er nauðsynlegra en áður að fylgjast með ástandi og líðan barna og ungs fólks.
2. Að gerð verði skimun, rannsóknir og leitarstarf í Hafnarfirði sem hefur það að markmiði að koma í veg fyrir sjálfsvíg og stuðla að markvissum forvörnum. Það er mikilvægt að sjá hvernig börnum hér líður í samanburði við önnur sveitarfélög og bera saman breytingar milli ára. Niðurstöður bundnar skólahverfum væru æskilegar.
3. Verkferlagerð haldi áfram, er tengist líðan, sjálfsvígum og forvörnum hjá þeim aðilum í Hafnarfirði sem starfa með fötluðum og ófötluðum börnum og unglungum.

- a. að þeir aðilar sem vinna að slíkum verkefnum fái stuðning, s.s. með því að geta leitað til sérfræðinga eða til sambærilegs hóps og stýrihópur gegn sálfsvígum er.
 - b. að til verði gagnabanki með upplýsingum sem aðstoðað geta aðila í þessari vinnu.
4. Halda áfram með það starf við gerð verkferla, áætlana sem hafið er hjá ÍBH, ÍTH og víðar í Hafnarfirði og styðja við það
 5. Halda uppi almennri umræðu og fræðslu í Hafnarfirði um líðan – forvarnir gegn sjálfsvígum.
 6. Mikilvægt er að samræma viðmiðanir og athuganir á líðan (m.a. einelti) nemenda skólanna í Hafnarfirði.
 7. Að stofnaður verði nýr sambærilegur starfshópur við þann sem skilar þessari skýrslu, sem hefur ofangreind verkefni að markmiði.

Með vinsemd og virðingu, 1. des. 2010

Geir Bjarnason, forvarnarfulltrúi
Haukur Haraldsson, sálfræðingur Félagsþjónustu Hafnarfjarðar
Guðbjörg Jóhannesdóttir, prestur Hafnarfjarðarkirkju
Ingibjörg Ásgeirsdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur Heilsugæslunnar Firði
Einar Ingi Magnússon, yfirsálfræðingur Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar
Eiríkur Þorvarðarson, (í leyfi) yfirsálfræðingur Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar